

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 4. febrúar 2014 kl. 15:00-16:30 í Nýja Garði

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Rebekka Þráinsdóttir (SVF), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Höskuldur Þráinsson (MVS), Irma Erlingsdóttir (EDDA), Ármann Jakobsson (B&L), Vilhjálmur Árnason (SIÐ), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Róbert Haraldsson (HEIM), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ) og Kolfinna Jónatansdóttir (DOKT) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Hugvísindaping*: MGU gerði grein fyrir tillögum að málstofum og erindum sem bárust fyrir lok janúar. Alls eru tillögur um 35 málstofur með 143 fyrirlesturum. Allar tillögur að málstofum voru samþykktar.

2. *Heimasíða Hugvísindastofnunar*: ESS kynnti heimasíðuna og sagði frá helstu áherslum. Heimasíðan er fyrst og fremst upplýsingasíða.

3. *Vísindanefnd*: IE sagði frá. Alls bárust 33 umsóknir um doktorsnámsstyrki í hugvísindum (af 148 alls). Umsóknirnar eru nú í meðferð fagráðs.

4. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:30